



211. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 6. júní 2013 kl. 16:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Hafsteinn Pálsson, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson 1. varamaður, Guðmundur Ágúst Ingvarsson 2. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Forföll boðaði Lárus Blöndal varaforseti.

1. Skipan í nefndir og ráð

Forseti lagði fram tillögu um skipan nefnda og ráða ÍSÍ. Hann skýrði helstu þætti sem ráða uppröðun og áherslur.

Tillagan samþykkt.

2. Ríkisskattstjóri

Forseti skýrði frá fundi sem hann, gjaldkeri og framkvæmdastjóri áttu í dag með ríkisskattstjóra og hans fólki varðandi skattamál íþróttahreyfingarinnar. RSK er að endurskoða leiðbeiningar um skattskyldu íþróttafélaga og verða þær birtar á vef RSK og sendar til ÍSÍ til dreifingar í hreyfingunni.

3. Ólympísk verkefni

Smáþjóðaleikar 2013

Forseti þakkaði Friðriki Einarssyni aðalfararstjóra og aðstoðarfararstjórum fyrir góða fararstjórn og vel heppnaða þátttöku Íslands í Smáþjóðaleikunum í Luxemborg 27. maí – 1. júní sl. Almenn ánægja var meðal þátttakenda og flokkstjóra með leikana. Árangur var góður í mörgum íþróttagreinum og þá sérstaklega hjá sundíþróttafólkinu sem vann til fleirri verðlauna en nokkru sinni fyrr.

Hjá Friðriki kom fram að íslenski hópurinn hefði verið afar samhentur, skipulag og fagteymi gott.

EYOF 2013

Friðrik skýrði frá því að verið væri að setja saman fagteymi fyrir hátíðina. Framkvæmdastjóri skýrði frá neyðarfundi vegna húsnæðismála en komin er fram farsæl lausn á því máli.

Lögð fram tillaga Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ um Höllu Kjartansdóttur sem aðalfararstjóra og Andra Stefánsson sem aðstoðarfararstjóra á EYOF 2013. Tillagan samþykkt.

Sochi 2014

Undirbúningur í hefðbundnu ferli. Fundur er áætlaður fljótlega með Skíðasambandi Íslands og væntanlegum keppendum.

Íþróttasamband fatlaðra mun senda keppendur í skíðaíþróttum á Vetrarólympíumót fatlaðra í Sochi 2014.

4. Smáþjóðaleikar 2015

Helga Steinunn Guðmundsdóttir skýrði frá stöðu mála varðandi undirbúning fyrir leikana 2015. Margir góðir fundir voru haldnir með skipuleggjendum í Luxemborg og verið er að vinna skýrslur frá þeim fundum. Skipuleggjendur í LUX eru mjög viljugir að aðstoða ÍSÍ á alla lund með því að láta frá sér ýmsar upplýsingar og ferla sem þeir notuðust við sjálfir við undirbúninginn.

5. Heiðranir

Samþykkt var í gegnum tölvupóstsendingar að heiðra Arndísi Sigurðardóttur fráfarandi stjórnarmann ÍBV með Silfurmerki ÍSÍ fyrir góð störf í þágu íþróttahreyfingarinnar í Vestmannaeyjum. Ingibjörg Bergrós afhenti Arndísi merkið á ársþingi ÍBV.

Samþykkt að afhenda Ólafi Stefánssyni fyrsta Afreksmerki ÍSÍ í kjölfar kveðjuleiks hans með íslenska landsliðinu í handknattleik 16. júní næstkomandi.

6. Starfsskýrsluskil

Skrifstofustjóri fór yfir stöðu mála varðandi starfsskýrsluskil. Heimild gefin til að hóta keppnisbanni með 10 daga fyrirvara til skila.

7. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram til samþykktar:

- 210. fundur framkvæmdastjórnar
- 11. fundur framkvæmdaráðs frá 16. maí
- Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ frá 21. maí

Hafsteinn Pálsson fylgdi úr hlaði minnisblaði vegna hvatningarátaksins Hjólað í vinnuna. Nokkur fækkun var í áttakinu að þessu sinni sem einna helst má rekja til veðurfars og ófærðar.

8. Viðburðir framundan

Farið yfir þá viðburði sem framundan eru á næstunni og til lengri tíma litið.

9. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ er áætlaður 11. júlí kl. 16:00.

10. Önnur mál

Brú yfir Fossvoginn

Forseti skýrði frá áætluðum fundi með formanni Siglingasambandsins vegna fyrirhugaðrar byggingu brúar yfir Fossvoginn en sú ætlan er afar óheppileg fyrir siglingaíþróttina sem byggt hefur sína starfsemi upp í kringum voginn. Forseta gefin heimild til að styðja afstöðu SÍL í málinu með bréfaskrifum.

Bjórsala

Rætt um þá umræðu sem orðið hefur í samfélaginu í tengslum við fyrirhugaða bjórsölu íþróttafélags fyrir landsleik í knattspyrnu.

Flugfélag Íslands

Framkvæmdastjóri skýrði frá drögum að samningi við Flugfélag Íslands. Nokkur hækkun er í farvatninu á ÍSÍ-fargjöldum og felst hún að mestu í hækkun opinberra gjalda. Hækkunin er þó lægri en hækkun almennra fargjalda Flugfélagsins.

Framkvæmdastjóra gefin heimild til að skrifa undir samninginn fyrir hönd ÍSÍ.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.